

Bjarni Reykjalin Skipulags og byggingarfulltrúi.

Efni: Skipulags- og matslýsing fyrir Jarðböðin við Mývatn, breytingar á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag.

Stjórn Fjöreggs vill í upphafi þakka fyrir að vera umsagnaraðili í þessu ferli. Við höfum kynnt okkur framlagða skipulags- og matslýsingu og eins mættu fulltrúar okkar á kynningarfund vegna málsins sem var haldin í húsnæði Jarðbaðanna 02. maí 2017. Ennfremur höfum við farið á vettvang og reynt að gera okkur í hugarlund umfang og hvernig byggingar og lón falla að landslagi og ásýnd svæðisins. Við gerðum okkur líka ferð á vinsæl svæði utan áformaðs framkvæmdasvæðis til að meta áhrif á heildarupplifun í Mývatnssveit úr fjarska. Eftirfarandi eru spurningar, sjónarmið og ábendingar frá stjórn Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit.

1. **Tilgangur skipulagsgerðar:** Í kafla 3.1. er farið yfir tilgang skipulagsgerðar. Að mati stjórnar Fjöreggs kemur ekki nægilega skýrt fram hversvegna nýju lóni og byggingum er valinn staður á óröskuðu landi, hærra í landslaginu en núverandi mannvirki eru og innanum mjög mikinn fjölda svokallaðra Hverfjallstúffa, gjóskulaga frá því Hverfjall gaus. Fjöldi og sýnileiki þessara túffstappa er hvað mestur á þessu svæði ásamt svæði sunnan Rauðuborgar og suður að Hverfjalli. Stjórn Fjöreggs telur að færa þurfi fyrir því mjög haldgóð rök hversvegna þetta svæði er valið fram yfir til dæmis önnur þegar röskuð svæði í grennd við núverandi byggingar og lón. Við bendum á aðra staðsetningu beint austur af núverandi byggingum. Þar ætti að vera nægt pláss fyrir nýjar byggingar. Þær stæðu lægra í landinu, meira skjól er fyrir vindi, minni sýnileiki frá vinsælum áningarstöðum og umferð fær svæðinu með tilliti til heildarupplifunar í Mývatnssveit. Þessir staðir og upplifun eru á og við Hverfjall, í Vogum, á svæðinu kringum Grjótagjá og af útsýnisstað við Þjóðveginn í Námafjalli sunnan við Krummaskarð. Þessi staðsetning hefði að okkar mati minni neikvæð áhrif á upplifun í Mývatnssveit en sú sem kynnt er í skipulags- og matslýsingu. Nægt rými væri fyrir bílastæði á sama stað og nú. Stjórn Fjöreggs telur að meta ætti þessa staðsetningu og forða þannig óröskuðu landi með mikilvægum jarðminjum, Hverfellstúffi, frá ágangi og hættu á tjóni. Það vekur athygli okkar að aðeins sé um eina staðsetningu að ræða í núverandi skipulags og matslýsingu. Stjórn Fjöreggs telur að meta ætti fleiri kosti í áframhaldandi vinnu.

2. **Verndargildi, jarðfræði, forn- og jarðmynjar:** Í kafla 3.3 er rætt um verndargildi. Við tökum undir umræðu þar um og eins góðar ábendingar Sigfúsar Illugasonar um óskráðar fornminjar á svæðinu. Mikilvægt er að skráning og kortlagning fari fram í samráði við þá sem til þekkinga. Eins viljum við koma á framfæri ábendingum um að þessi merka saga um jarðböð á svæðinu verði gerð sýnleg í nýrri byggingu. Til dæmis gæti verið þema innanhúss sem upplýsir gesti um þessa sögu með einhverjum hætti. Nútíminn býður uppá margvíslegar leiðir við slíka miðlun og sjálfsagt að okkar mati að nýta hana. Eins og komið hefur fram eru merkar jarðfræði- og jarðminjar á svæðinu. Við bendum sérstaklega á áður nefnda túffstappa frá myndun Hverfjalls. Liggur fyrir kortlagning jarðfræðinga á Hverfjallsöskunni og verndargildi einstakra svæða hennar óháð því hvort til standi að raska henni eða ekki? Við teljum mikilvægt að þessir stappar verði myndaðir, hnitsettir og kortlagðir áður en framkvæmdir hefjast, verði sú staðsetning valin sem nú hefur verið kynnt. Eins er mikilvægt að á framkvæmdatíma og ekki síður í framhaldinu verði gætt sérstaklega að verndun þessara náttúrufróbæra. Eðli þeirra og bygging er mjög viðkvæm og þarf lítið til að þeir láti á sjá. Koma þarf skýrt fram með hvaða hætti þetta verði gert og við teljum ekki raunhæft að fólk geti snert stabbana eða dvalið á þeim. Slíkt myndi valda óafturkræfu tjóni og rýra jarðfræðilegt gildi svæðisins til frambúðar. Svæðið stendur utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en innan vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár. Í þessu sambandi bendum við á umfjöllun okkar um vatnsnotkun. Eins teljum við að hafa verið í huga að nú stendur yfir endurskoðun á verndaráætlun Mývatns og Laxár frá árinu 2011. Þótt svæðið tengist ekki verndaráætluninni beint, gætu við endurskoðunina komið til umfjöllunar atriði sem skipt gætu máli varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir. Við teljum eðlilegt að framkvæmdaraðilar kynni sér framangreinda vinnu og hvort ástæða sé til að bregðast við á einverjum tímapunkti eða hafa samstarf um væntanlega verndun og framkvæmd hennar.
3. **Varðandi vatnsnotkun:** Notkun og förgun baðvatns, sturtuvatns og vatns frá eldhúsi: Rennsli baðvatns/borholuvatns mun vera um það bil 23-25 l/s samkvæmt svari sem við fengum á kynningarfundinum. Nauðsynlegt er að upplýst verði nákvæmlega um alla notkun heits og kalds vatns á svæðinu. Stjórn Fjöreggs áréttar að tryggt verður að vera að förgun alls mengaðs vatns (heits og kalds) verður að vera með þeim hætti að það fari alls ekki í grunnvatnsstrauma er renna til Mývatns. Nú er affalli lónsins að sögn fargað þannig að það rennur í borholu sem mun vera um 70 metra djúp en þar lentu bormenn á sínum tíma í helli eða holrúmi sem enginn veit hversu stórt er. Á fyrrnefndum kynningarfundum kom fram að holan næði aðeins neðar en sem nemur yfirborði Mývatns og var talað um 10-20 metra í því sambandi en nákvæmar upplýsingar virðast ekki liggja fyrir. Mjög brýnt er að förgun sé með þeim hætti að tryggt sé að affallsvatn baðlónsins renni ekki út í Mývatn. Ferilgreining ætti að geta veitt upplýsingar um hvert þetta affallsvatn rennur nú. Í

jarðvarmavirkjunum hér á landi er löng reynsla af því að farga menguðu vatni m.a. með djúpförgun. Í Kröflu hefur þetta verið gert síðan 2002. Holurnar eru margfalt dýpri en fyrrnefnd hola við baðlónið. Í Umhverfisskýrslu Landsvirkjunar 2013 er kostum djúpförgunar m.a. lýst svo: „Með djúpförgun má minnka umhverfisáhrif jarðvarmavinnslu á yfirborði og draga úr magni mengandi efna eins og þungmálma, sem geta farið út í yfirborðsvatn.“

Þá er nauðsynlegt að kortleggja hvort um lekt er að ræða, það er hvort og þá hve mikið af baðlónsvatninu lekur niður úr lóninu og fer þá beint í yfirborð grunnvatnsins sem er algjörlega óásættanlegt. Ef nauðsynlegt er að þetta botn lónsins svo það haldi öllu vatni þarf það að koma fram. Stjórn Fjöreggs er spurn og vill fá upplýst hvert er efnainnihald borholuvatnsins sem kemur í Jarböðin og eins þess sem fer þaðan? Hver er sápu-efnanotkun við þrif, í sturtuklefum, við þvotta á líni og aðra starfsemi? Hvernig verður háttáð förgun á svokölluðu grávatni frá sturtum, eldhúsi og vöskum? Eru til tölur um hversu mikið vatn er notað í þessu ferli núna og áætlun um hve mikil hún muni verða í nýjum mannvirkjum?

- 4. Aðal og deiliskipulag:** Á fyrrnefndum kynningarfundum kom fram að Jarböðin ætla að láta vinna nýtt deiliskipulag. Í því skipulagi sem nú gildir er ákvæði um allt að 50 herbergja gisihús. Í drögum að nýju deiliskipulagi er hins vegar talað um 50 herbergja hótél. Stjórn Fjöreggs telur enganveginn sjálfgefið að þessi heimild flytjist til hins nýja skipulags. Rök fyrir breytingunni úr gistihúsi í hótél hafa ekki komið fram. Á fyrrnefndum kynningarfundum kom hins vegar fram að „engar fyrirætlanir væru um að fara í þetta að sinni“ eins og það var orðað „hér væri horft til langrar framtíðar“. Varðandi opnun nýrra Jarðbaða væri horft til ársins 2019 en hótélið væri ekki á dagskrá. Stjórn Fjöreggs telur mikið óráð að taka inn í nýtt deiliskipulag gamla óljósa heimild fyrir gistihúsi og gera hana að hóteli sem framkvæmdaaðilar segja þar að auki að engin áform séu um að reisa í fyrirsjáanlegri framtíð. Rétt er að heimildin hverfi með nýju deiliskipulagi. Ef Jarböðin hafa síðarmeir hug á að hefja hótélrekstur og reisa til þess viðhlítandi byggingu væri rétt að þau áform færu í það skipulagsferli sem lög og hefðir þá standa til. Eins er starfsmannahúsi á tveimur hæðum haldið inni í nýju deiliskipulagi. Stjórn Fjöreggs óskar eftir nánari skýringum varðandi þetta hús, staðsetningu og nánar um notkun þess.
- 5. Lýsing innan og utanhúss:** Áhersla verði lögð á að hanna lýsingu með þeim hætti að sem minnst truflun verði af upplifun myrkurs í nánd og fjarlægð. Við teljum mikilvægt að úr fjarlægð verði sem minnst vart við ljósanotkun á svæðinu. Gildir það bæði um útilýsingu og inni, þar sem hönnun húsa gerir ráð fyrir stórum gluggum til vesturs. Við hönnun á lýsingu útisvæða er mikilvægt að upplifun næturhimins, myrkurs, stjörnudýrðar og norðurljósa sé á engan hátt trufluð eða takmörkuð. Eins viljum við benda á að hugað verði að möguleikum til hleðslu á rafbílum á bílastæðum.

6. **Aðkoma að svæðinu:** Aðkoma er um Jarðbaðsveg nr. 8815 frá Þjóðvegi nr. 1. Á upplýsingafundi 2. maí kom fram ábending um umferðaröryggi og sérstaklega bent á öryggi hjólandi og gangandi sem ferðast frá þéttbýlinu í og við Reykjahlíð. Við tökum undir þessar ábendingar og beinum þeim eindregnu tilmælum til forsvarsmanna Jarðbaðanna að hlutast til um að lagður verði göngu og hjólastígur fyrir þessa umferð. Bent var á að nota gamlan veg frá grunnskóla, með hlíðinni upp og austur fyrir varnargarð allt til afleggjara í Grjótagá. Við tökum undir þá ábendingu.
- Ekki er minnst á flugumferð í skipulags- og matslýsingu en í einhverjum tilvikum hefur verið leyft að nota þyrlur á svæðinu. Spurning okkar er hvaða lög gilda um slíkan ferðamáta og landingarstaði, hver stefna verður í nýju skipulagi, hvernig er öryggi gesta og gangandi tryggt ef landing þyrlna verður leyfð? Óhöpp í flugi geta valdið slysum á fólki, jafnvel manntjóni. Þar að auki mengun frá eldsneyti sem borist getur í grunnvatn. Er slík áhætta ásættanleg? Er ekki rétt að nýta flugvöllinn í Reykjahlíð fyrir loftferðir fremur enn að beina þyrlum í lágflugi og til landingar á svo fjölförnum stað?
7. **Áhrif jarðgufu á heilsu og umhverfi:** Í allri umræðu um áhrif skaðlegra efna og efnasambanda á heilsufar, mannvirki og tæknibúnað vakna spurningar um hvernig gætt verði að heilsu starfsfólks í framtíðarplönunum. Verða gerðar sérstakar ráðstafani vegna þessa og hverjar þá?
8. **Eftirlit á framkvæmdatíma, gát á fjúkandi umbúðum með meiru:** Gera má ráð fyrir að á framkvæmdatíma verði mikið af umbúðum af öllu tagi óhjákvæmilegur fylgifiskur. Við viljum benda á að svæðið er þekkt fyrir að vera vindasamt og líkur á foki af öllu tagi meiri en ella vegna þessa. Því viljum við benda á mikilvægi þess að fyrir þessu verði hugsað og eftirlit og fyrirmæli verði skýr til þeirra sem framkvæma. Eins að öll ósnortin svæði utan framkvæmdasvæða verði varin og framkvæmdasvæðið afmarkað og ekki verði leyft að nýta ósnortin svæði til geymslu efna og aðfanga á meðan á framkvæmdum stendur.
9. **Önnur atriði:** Varðandi þrif á lóninu kom okkur í hug hvað verði um botnfall í lóninu. Botninn í lóninu þarfnast þrifa öðru hverju. Hvað er gert við það sem þá kemur upp?

Með góðri kveðju,

Fyrir hönd stjórnar Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit

Ólafur Þróstur Stefánsson